

Náttúruhamfaratrygging Íslands
Ársreikningur 2022

IPSAS

Náttúruhamfaratrygging Íslands
Hlíðarsmára 14
200 Kópavogur

Kt. 520276-0259

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Eiginfjárfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Ófjárhagslegar upplýsingar	24
Stjórnarháttayfirlýsing	28

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Rekstur ársins 2022

Ársreikningur Náttúruhamfaratryggingar Íslands („NTÍ“) fyrir árið 2022 er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards) eins og þeir hafa verið gefnir út af Alþjóða reikningsskilaráðinu IPSASB. NTÍ var stofnuð með sérstökum lögum árið 1975 og starfar nú samkvæmt lögum nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Hlutverk hennar er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara, en það á við um eldgos, jarðskjálfta, skriðuföll, snjóflóð og vatnsflóð. Árið 2022 telst vera 48. starfsár stofnunarinnar. NTÍ er til húsa að Hlíðasmára 14, Kópavogi.

Mikil áhersla er lögð á eignadreifingu í fjárfestingastefnu NTÍ. Eignum er skipt milli fjögurra fjárvörsluáðila; Íslandssjóða, Arion banka, Íslenskra verðbréfa og Landsbankans. Í lok árs 2022 var eigið fé NTÍ 53,9 ma. kr. Dreifing á milli eignaflokka er fjölbreytt, eignir eru bæði í innlendum og erlendum verðbréfum og megináhersla lögð á áhættulitlar fjárfestingar. Í tengslum við gerð viðbragðsáætlunar NTÍ var lagt mat á hversu fljótt væri hægt að innleysa eignir án verulegrar skerðingar á verðmæti ef til tjónsatburðar kæmi. Á öðrum virka degi eftir atburð væri hægt að innleysa um 67% af eignasafninu og á fimmta virka degi yrði tæplega 99% af safninu innleysanlegt.

Eignasafn NTÍ varð fyrir talsverðum áföllum á árinu 2022, bæði vegna erfiðra aðstæðna á fjármálamörkuðum og niðurfærslu íbúðabréfa (ÍL-skuldabréfa) í eignasafninu. Ávöxtun flestra eignaflokka var neikvæð á árinu og voru fjármunatekjur safnsins af þeim sökum neikvæðar um 3,1 ma.kr. Þá voru íbúðabréf í eigu NTÍ færð niður um sem nemur 1,6 ma.kr. Samanlagt voru fjármunatekjur neikvæðar um 4,7 ma.kr.

Stærstu aðilar að endurtryggingarsamningi NTÍ árið 2022 voru Sirius í Svíþjóð með 15% hlutdeild og Munich Re, New Re og HCC með 10% hlutdeild í samningnum hver um sig, en alls voru 25 endurtryggingarfélag aðilar að samningnum.

Árið 2022 breytti NTÍ um aðferð við að útreikning váttryggingafjárhæða. Váttryggingafjárhæðir brunatryggðra húseigna miðast nú við gildandi brunabótamat á hverjum tíma skv. fasteignaskrá í stað þess að miðað við skráða fjárhæð á váttryggingaskirteini. Við þetta hækkar samanlögð váttryggingafjárhæð nokkuð þar sem brunabótamat er uppfært mánaðarlega með byggingarvísitölu, en fjárhæðir skirteina taka breytingum við endurnýjun sem er að jafnaði einu sinni á ári. Það er mat NTÍ að þessi aðferð endurspegli betur raunverulegar skuldbindingar stofnunarinnar, m.a. heildar greiðsluskyldu í einum váttryggingaratburði. Miðað við þessa nýju aðferð voru váttryggingarfjárhæðir í gildi vegna húseigna, lausafjár og mannvirkja samtals 18.317 ma.kr. í ágúst 2022 en voru 15.713 ma.kr. á sama tíma 2021. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 55/1992 um NTÍ takmarkast heildargreiðsluskylda NTÍ vegna hvers váttryggingaratburðar við 1% af samanlögðum váttryggingafjárhæðum sem í gildi eru við upphaf váttryggingaratburðarins eða samtals ríflega 183 ma.kr. í ágúst 2022. Eigið fé og endurtryggingar stofnunarinnar standa samtals undir tæplega 99 ma.kr. í hverjum einstökum atburði.

Niðurstöður áhættumats vegna jarðskjálfta benda til að heildargreiðslur tjónabóta og matskostnaðar í atburði sem hefur 200 ára meðal endurkomutíma sé um eða yfir 25 milljarðar kr. NTÍ hefur metið áhrif allra stórra jarðskjálfta sem orðið hafa á Íslandi síðustu 300 ár. Matið byggir á rannsókn á tjónnæmi sem unnið var í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi árin 2000 og 2008 og miðast við núverandi virði og staðsetningu váttryggðra eigna. NTÍ er í stakk búin til að takast á við meira en tvöfalt herra tjón en stærstu sögulegu jarðskjálftar landsins hefðu valdið miðað við núverandi virði og staðsetningu váttryggðra eigna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap ársins 892 millj. kr. Stjórn vísar til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé stofnunarinnar á árinu. Eigið fé NTÍ í árslok 2022 nam 53.917 millj. kr. (ársbyrjun 2022: 54.810 millj. kr.). Eiginfjárlutfall stofnunarinnar var 96,5% í árslok 2022. Þann 31. desember 2022 námu heildareignir stofnunarinnar 55.849 millj. kr. (ársbyrjun 2022: 58.200 millj. kr.).

Stjórnarhættir

Stjórn NTÍ hefur sett sér starfsreglur og byggja þær m.a. á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnarháttayfirlýsing er birt í ársskýrslu og á heimasíðu NTÍ.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

Stjórnarhættir, frh.:

NTÍ hefur lokið öllum fimm grænum skrefum í ríkisrekstri, sem ætlað er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi á vegum ríkisins. Markmið með innleiðingu grænna skrefa er m.a. að innleiða öflugt umhverfisstarf með kerfisbundnum hætti, efla umhverfisvitund starfsmanna og innleiða færslu á grænu bókhaldi, sem gerir stofnuninni kleift að fylgjast með kolefnisspori og setja sér mælanleg markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Stjórn hefur tekið saman helstu upplýsingar um ófjárhagslega þætti í rekstri NTÍ sem varpað geta ljósi á mikilvæga þætti í starfseminni. Ófjárhagslegar upplýsingar eru birtar sem fylgiskjal í ársreikningi þessum.

Áhættustýring

Áhættustýringarstefna NTÍ er í stöðugri þróun og endurskoðun. Í áhættustefnu NTÍ eru þrjár stærstu áhættuþættir í starfseminni skilgreindir; meðferð tjónamála, stýring eignasafns og tryggingafræðileg áhætta. Áhættustefnan er í anda samhæfðrar áhættustýringar COSO, þar sem m.a. er fjallað um áhættumeningu, stefnumótun, áhættu við framkvæmd verkefna, upplýsingar um áhættu og skýrslugerð ásamt kröfum um innra eftirlit og áhættumælingar. Áhættustýringarstefnan var síðast endurskoðuð og gefin út í mars 2022.

Eignasafn Náttúruhamfaratryggingar Íslands

Stýring eignasafns NTÍ er einn af þremur helstu áhættuþáttum í starfsemi stofnunarinnar. Fjárfestingarstefna eignasafnsins byggir á varfærum langtímamarkmiðum með öryggi umfram ávöxtun eigna að leiðarljósi. Til lengri tíma litid telur stjórn að mikilvægi erlendra fjárfestinga sýni sig helst þegar stór áföll ríða yfir á Íslandi og hefur í því skyni verið lögð aukin áhersla á að halda umtalsverðum fjárhæðum í erlendum eignum. Hlutfall erlendra eigna hefur farið vaxandi síðustu ár í samræmi við breytingar sem stjórn hefur gert á fjárfestingarstefnu NTÍ. Í lok árs 2022 var hlutfall erlendra eigna 44,1% af eignasafninu sem er 0,2% lækkun frá síðasta ári. Með hærra hlutfalli erlendra eigna aukast áhrif af sveiflum á gengi íslensku krónunnar á virði eignasafnsins en á móti skapar það ákveðið öryggi að auka dreifingu eignasafnsins og draga úr áhrifum staðbundinna áhrifa innanlands á eignasafnið.

Tjónsatburðir á árinu 2022

Á árinu 2022 urðu alls átta tjónsatburðir, samanborið við 11 tjónsatburði árið 2021. Sex atburðir urðu vegna sjávarflóða, tveir vegna vatnsflóðs og einn vegna jarðskjálfta. Samtals voru tjónstilkynningar 134, þar af 51 vegna sjávarflóðs á Akureyri í september og 64 vegna jarðskjálfta við Grindavík í ágúst. Heildargreiðslur tjónabóta ásamt matskostnaði vegna tilkynntra tjóna á árinu 2022 voru í árslok um 155 milljónir króna, en bótauppgjóri vegna tjóna af völdum sjávarflóðs á Akureyri er ekki að fullu lokið.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningur NTÍ gefi glögga mynd af rekstrarafkomu stofnunarinnar á árinu 2022, ásamt eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2022 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem stofnunin býr við eins og fram kemur í skýringum nr. 18-25.

Stjórn Náttúruhamfaratryggingar Íslands og forstjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Kópavogur, 28. febrúar 2023

Stjórn:

Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður
Lína Björg Tryggvadóttir, varaformaður,
Jóna Björk Guðnadóttir
Ragnar Þorgeirsson
Steinar Harðarson

Forstjóri:

Hulda Ragnheiður Árnadóttir

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Náttúruhamfaratryggingar Íslands.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Náttúruhamfaratryggingar Íslands fyrir árið 2022 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2022, efnahag hennar 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Náttúruhamfaratryggingu Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Þar með talið, í samræmi við okkar bestu þekkingu, höfum við ekki veitt Náttúruhamfaratryggingu Íslands óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Megináherslur við endurskoðunina

Engar megináherslur voru skilgreindar við endurskoðunarvinnu okkar.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Náttúruhamfaratryggingar Íslands. Ef við á skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Deloitte ehf. hefur ekki veitt Náttúruhamfaratryggingu Íslands neina þjónustu til viðbótar lögbundnu endurskoðuninni.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Deloitte hefur verið endurskoðandi Náttúruhamfaratryggingar Íslands frá og með reikningsárinu 2018.

Kópavogur, 28. febrúar 2023

Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfreðsson
endurskoðandi

Jóhann Óskar Haraldsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	2022*
Iðgjöld ársins		4.052.342
Hluti endurtryggienda í iðgjaldatekjum		(556.425)
Eigin iðgjöld	5	3.495.917
Hreinar fjármunatekjur	6	(4.635.174)
Fjármagnstekjuskattur	17	1.019.738
Fjárfestingatekjur		(3.615.436)
Umsýslutekjur Bjargráðasjóðs		16.664
Aðrar tekjur		16.664
Heildartekjur (neikvæðar)		(102.855)
Tjónakostnaður		(224.006)
Hluti endurtryggienda í tjónakostnaði		9.595
Eigin tjón	7	(214.411)
Rekstrarkostnaður	8-10	(546.629)
Umboðslaun		(27.905)
Önnur gjöld		(574.534)
Heildargjöld		(788.945)
Tap ársins		(891.800)

* Stofnunin hefur valið að birta ekki samanburðarfjárhæðir vegna ársins 2021 í samræmi við heimild IPSAS.

Skýringar á blaðsíðum 11 til 24 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	1.1.2022*
Eignir			
Rekstrarfjármunir	10	6.135	7.669
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	13	52.340.614	56.159.984
Endurtryggingaeignir	14	0	12.000
Viðskiptakröfur		1.234.537	998.741
Aðrar kröfur		5.628	3.937
Handbært fé		2.262.510	1.017.746
		<u>55.849.424</u>	<u>58.200.077</u>
Eigið fé			
Varasjóður		4.270.135	4.270.135
Uppsafnaður afgangur		49.647.798	50.539.598
	15	<u>53.917.933</u>	<u>54.809.733</u>
Skuldir			
Vátryggingaskuld	16	1.458.953	1.228.769
Skattskuldbinding	17	394.484	2.088.765
Viðskiptaskuldir við tryggingafélög		29.215	21.006
Áfallinn kostnaður		48.839	51.804
		<u>1.931.491</u>	<u>3.390.344</u>
		<u>55.849.424</u>	<u>58.200.077</u>

*Opnunarefnahagsreikningur á upptökudegi IPSAS. Stofnunin hefur valið að birta ekki samanburðarfjárhæðir vegna ársins 2021 í samræmi við heimild IPSAS.

Skýringar á blaðsíðum 11 til 24 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Eiginfjáryfirlit árið 2022

	Varasjóður	Uppsafnaður afgangur	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2022 samkvæmt IFRS	4.270.135	50.535.797	54.805.932
Áhrif upptöku IPSAS		3.801	3.801
Eigið fé 1.1.2022 samkvæmt IPSAS	4.270.135	50.539.598	54.809.733
Tap ársins		(891.800)	(891.800)
Eigið fé 31.12.2022	4.270.135	49.647.798	53.917.933

Skýringar á blaðsíðum 11 til 24 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Sjóðstreymisýfirlit árið 2022

	Skýr.	2022*
Rekstrarhreyfingar:		
Tap ársins	(891.800)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Fjárfestingatekjur		3.615.436
Afskriftir rekstrarfjármuna	11	1.534
Veltufé frá rekstri		<u>2.725.170</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur, breyting	(874.826)
Endurtrygginga eignir, breyting		12.000
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, breyting	(237.487)
Vátryggingaskuld, breyting	16	230.184
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting		5.244
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>1.860.285</u>
Innborgaðar vaxtatekjur		57.403
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(674.543)
Handbært fé frá rekstri		<u>1.243.145</u>
Hækkun á handbæru fé		1.243.145
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		1.619
Handbært fé í ársbyrjun		1.017.746
Handbært fé í lok árs		<u>2.262.510</u>

* Stofnunin hefur valið að birta ekki samanburðarfjárhæðir vegna ársins 2021 í samræmi við heimild IPSAS.

Skýringar á blaðsíðum 11 til 24 eru óaðskiljanlegur hluti af þessum ársreikningi.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) er með starfsstöð sína á Íslandi og eru höfuðstöðvar hennar að Hlíðarsmára 14 í Kópavogi. Aðalstarfsemi stofnunarinnar felst í að váttryggja gegn tjónum af völdum náttúruhamfara í samræmi við lög nr. 55/1992.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards) eins og þeir hafa verið gefnir út af Alþjóða reikningsskilaráðinu IPSASB og í gildi eru í árslok 2022 og viðbótarkröfum laga um ársreikninga nr. 3/2006 eftir því sem við á.

Stjórn Náttúruhamfaratrygginga Íslands staðfesti ársreikninginn þann 28. febrúar 2023.

b. Upptaka IPSAS

Þessi ársreikningur er fyrsti ársreikningur sem NTÍ gerir á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn og hefur IPSAS 33 *Fyrsta skipti upptaka IPSAS sem miða við rekstrargrunn* hefur verið beitt. Upptökudagur IPSAS er 1. janúar 2022 og birtur er opnunarefnahagsreikningur samkvæmt IPSAS í efnahagsreikningi. Opnunarefnahagsreikningurinn byggir á efnahagsreikningi stofnunarinnar í árslok 2021 samkvæmt IFRS ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2021, aðlagð með tilliti til reglna IPSAS. Upptaka IPSAS hefur eingöngu haft þau áhrif að reikningsskil fyrir leigusamninga var breytt til samræmis við IPSAS 13 *Leigusamningar*, sem hefur leitt til þess að NTÍ færir ekki leigueignir, leiguskuldir, afskriftir leigueigna og vaxtagjöld af leiguskuldum eins og í IFRS-ársreikningnum en þess í stað færir leigugjöld í samræmi við IPSAS 13. NTÍ hefur valið að birta ekki samanburðarfjárhæðir vegna ársins 2021 í samræmi við heimild IPSAS.

c. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur stofnunarinnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði.

d. Rekstrarhæfi

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og telja hana hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er því gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður úr athugun á greiðsluhæfi stofnunarinnar gefa til kynna að hún hafi yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

e. Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill stofnunarinnar.

f. Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 3.c.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum. Við gerð ársreikningsins var beitt sömu reikningsskilaaðferðum og var beitt árið 2021.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á skráðu gengi viðskiptadags Seðlabanka Íslands á viðskiptadegi. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaðferðir, frh.:

c. Fjármálagerningar

(i) Fjáreignir og fjárskuldir

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, kröfur á endurtryggjendur, handbært fé, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Gangvirði er verð á eign eða skuld í venjubundnum viðskiptum á matsdegi. Nánar tiltekið er gangvirði það verð sem fengist við sölu eignar eða yrði greitt við yfirfærslu skuldar í hefðbundnum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi.

Stofnunin metur gangvirði fjármálagerninga samkvæmt markaðsverði á virkum markaði fyrir fjármálagerninginn, sé hann fyrir hendi. Markaður er talinn virkur ef reglulega er fyrir hendi skráð markaðsverð sem endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti milli ótengdra aðila. Gangvirði fjáreignar sem tilgreind er á gangvirði gegnum rekstrarreikning er ákvarðað á grundvelli viðeigandi markaðsvirðis í lok viðskiptadags ef það er fyrir hendi, en það er venjulega síðasta skráða viðskiptaverðið.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar stofnunin gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur stofnunarinnar að sjóðstreymi vegna fjáreignanna rennur út eða ef stofnunin yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem stofnunin skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar stofnunarinnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

(ii) Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

(iii) Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur

Verðbréf í efnahagsreikningi eru flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

(iv) Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru fjármálagerningar sem hafa fyrirfram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðir á opinberum markaði. Um er að ræða viðskiptakröfur tengdar váttryggingasamningum við váttryggingafélögin.

Samkvæmt 11. gr. laga um Náttúruhamfaratryggingar Íslands eru árleg iðgjöld 0,25% af váttryggingafjárhæðum brunatryggðra fjármuna, en iðgjöld sveitarfélaga og veitustofnana miðast við 0,20%. Í lok ágúst 2022 voru váttryggingafjárhæðir í gildi vegna húseigna og lausafjár um 18.317 ma. kr., en 1.240 ma. kr. vegna mannvirkja, sbr. reglugerð nr. 700/2019. Samkvæmt 18. grein laga nr. 55/1992 er hámarks bótaskylda Náttúruhamfaratrygginga Íslands 1% af heildarváttryggingafjárhæðum, sem svarar til um 183 ma. kr.

Álagning og innheimta iðgjalda er framkvæmd af váttryggingafélögum, sem gera mánaðarlega skil til stofnunarinnar. Iðgjöld sveitarfélaga og veitustofnana eru innheimt af stofnuninni og byggir álagning þeirra á innsendum upplýsingum frá eigendum mannvirkja.

(v) Jöfnun

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Grundvöllur mats á gangvirði fjáreigna, frh.:

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru fjárfestingar í hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og skuldabréfum. Gangvirði skráðra verðbréfa er skráð markaðsverð þeirra á uppgjörssdegi án þess að tekið sé tillit til sölukostnaðar sem gæti fallið til í framtíðinni.

Sé markaðsverð ekki skráð í kauphöll eða fánlegt hjá miðlara, er gangvirði fjármálagerningsins metið með matsaðferðum, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjáreigna, núvirt sjóðsflæði eða aðrar verðmatsaðferðir sem gefa til kynna áreiðanlegt mat á öðrum viðskiptum á markaði.

Þegar notast er við núvirta sjóðsflæðisaðferð við mat á gangvirði, er vænt framtíðarsjóðsflæði byggt á besta mati stjórnenda og ávöxtunarkrafa er markaðsvextir sambærilegs gernings á uppgjörssdegi. Þegar önnur verðmyndunarlíkön eru notuð, eru forsendur matsins byggðar á upplýsingum af markaði á uppgjörssdegi. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er metið, ef mögulegt er, með því að nota viðeigandi V/H hlutfall fyrir sambærileg skráð félög og er lagað að sérstökum aðstæðum útgefanda verðbréfanna.

e. Rekstrarfjármunir

(i) Mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími er átta ár.

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi og breytt ef við á. Afskriftir eru hluti af liðnum rekstrarkostnaður.

f. Vátryggingasamningar

Vátryggingasamningar flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til stofnunarinnar.

(i) Vátryggingasamningar - skilgreining

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaáhætta er áhætta sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, vegna eignatjóns.

(ii) Vátryggingasamningar - flokkun

Vátryggingasamningar stofnunarinnar flokkast sem skaðatryggingar og varða eignatjón.

Skylt er samkvæmt 5 gr. laga um Náttúruhamfaratryggingu Íslands að vátryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá vátryggingafélagi sem starfsleyfi hefur á Íslandi. Vátryggingaskyldan nær einnig til lausafjár sem vátryggt er með almennri samsettri vátryggingu sem innifelur brunatryggingu og flokkast undir eignatryggingar. Jafnframt er skylt að vátryggja mannvirki í eigu sveitarfélaga og ríkissjóðs þó þau séu ekki brunatryggð, svo sem hitaveitur, raforkuvirki, brýr og hafnir.

(iii) Vátryggingaskuld

Mat er lagt á hvort vátryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar stofnunarinnar með því að meta framtíðarfjárfæði vátryggingaskuldar. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar. Allar breytingar á vátryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi.

(iv) Endurtryggingasamningar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu stofnunarinnar. Stofnunin keypti erlendar endurtryggingar fyrir árið 2022 sem byggðu á tveimur samningum. Samningur nr. 1 hefur tvenns konar virkni. Annars vegar fyrir stakan atburð, allt að 25 milljörðum kr., með eigin áhættu að fjárhæð 10 milljörðum kr. Hins vegar er um að ræða uppsöfnunarákvæði í samningnum, þar sem nokkrir atburðir af ólíkum tegundum geta talið upp í 10 milljarða kr. eigin áhættu, hámark 25 milljarða kr. Samningur nr. 2 veitir vernd gegn mjög stórum einstökum atburðum þar sem endurtryggjendur greiða allt að 15 milljörðum kr. umfram það 25 milljarða kr. tjón sem fyrri samningurinn tekur til ef um er að ræða stakan atburð.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

g. Virðisrýrnun fjáreigna

Á hverjum uppgjörstigi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna sem ekki eru færðar á gangvirði. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti hins vegar.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega. Virðisrýrnun fjáreigna er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

h. Tekjur og gjöld af váttryggingastarfsemi

(i) Iðgjöld

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári, en að frádregnum iðgjöldum næsta árs, sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu á árinu sem tilheyrir næsta reikningsári.

(ii) Tjón

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrra ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynnta óuppperðra tjóna auk mats sérfræðinga á tjónabótum fyrir ótilkynntum tjónum vegna atburða sem hafa þegar átt sér stað.

(iii) Gangvirðisbreyting verðbréfa

Afkoma af fjárfestingum í verðbréfum samanstendur af söluhagnaði hlutabréfa, gagnvirðisbreytingum fjárfestinga og vaxta- og arðstekjum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsréttur stofnast.

(iv) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur í rekstrarreikningi innifela vexti af handbæru fé.

(v) Gengismunur

Gjaldmiðlagengismunur samanstendur af breytingum eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum.

i. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, tölvukostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis og öðrum kostnaði.

j. Skattur

Náttúruhamfaratrygging Íslands er undanþegin greiðslu tekjuskatts samkvæmt 2. tölulið 4. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt. Stofnuninni ber hins vegar að skila fjármagnstekjuskatti af innleystum fjármunatekjum. Skuldbinding stofnunarinnar vegna fjármagnstekjuskatts er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggir á tímamismun áfallinna og innleysta fjármunatekna í ársreikningi annars vegar og á skattframtali hins vegar.

k. Leigusamningar

Stofnunin flokkar leigusamninga sem annars vegar fjármögnunarleigusamninga og hins vegar rekstrarleigusamninga og færir í efnahagsreikning eingöngu fjármögnunarleigusamninga en ekki rekstrarleigusamninga. Fjármögnunarleiga er leigusamningur þar sem svo til öll áhætta og ávinningur sem fylgir eignarhaldi á eign eru yfirfærð til stofnunarinnar. Rekstrarleiga er leigusamningur sem ekki er fjármögnunarleiga. Stofnunin hefur ekki flokkað neina leigusamninga sem fjármögnunarleigusamninga. Stofnunin færir gjöld vegna samninga sem flokkast sem rekstrarleigusamningar meðal rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi með línulegri aðferð á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspeglar betur tímamynstur ávinnings stofnunarinnar.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

I. Lykilþættir í óvissu á mati

(i) Endanleg skuldbinding vegna tjónabóta

Mat á endanlegri skuldbindingu væntra tjónabóta stofnunarinnar vegna gerðra váttryggingasamninga er mikilvægasta reikningshaldslega mat stofnunarinnar. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu.

(ii) Ákvörðun á gangvirði fjáreigna

Eins og fram kemur í skýringu 3.d eru verðbréf stofnunarinnar metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir mikinn meirihluta þessara eigna. Aðferðir við mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggja á viðurkenndum matsaðferðum.

Mat á gangvirði tekur mið af markaðsaðstæðum og upplýsingum um viðkomandi fjáreign. Um hlutlægt mat er að ræða sem er háð óvissum þáttum, t.d. vaxtaprósentum, flökti og mati á sjóðsflæði á matsdegi. Þess vegna er ekki hægt að meta gangvirðið með fullri vissu.

m. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

Alþjóða reikningsskilaráðið IPSASB hefur gefið út nokkra nýja staðla auk þess að gera breytingar á áður útgefnum stöðlum. Eftirfarandi er umfjöllun um þá staðla og breytingar sem máli skipta fyrir stofnunina.

IPSAS 41 *Fjármálagerningar* gildir frá og með árinu 1. janúar 2023 og leysir af hólmi núgildandi staðal IPSAS 29 *Fjármálagerningar: Færsla og mat* auk þess að leiða til breytinga á öðrum stöðlum, einkum IPSAS 30 *Fjármálagerningar: Upplýsingagjöf*. Samkvæmt IPSAS 41 mun flokkun fjáreigna og reikningshaldsleg meðhöndlun þeirra einkum ráðast af viðskiptalíkani, en eðli fjármálagerninganna skiptir einnig máli. Stjórnendur telja að staðallinn muni hafa óveruleg áhrif á reikningsskil stofnunarinnar þar sem meirihluti fjáreigna er færður á gangvirði og fellur því ekki undir nýtt virðisýrnunarlíkan.

IPSAS staðlarnir innihalda ekki reglur sem gilda um mat og færslu váttryggingasamninga og því beitir stofnunin þeim reglum sem gilda samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem Evrópusambandið hefur staðfest. Reikningsskilastaðallinn IFRS 17 *Váttryggingasamningar* var gefinn út árið 2017 og tók gildi 1. janúar 2023. Staðallinn gildir afturvirkir fyrir samanburðartímabilið sem hófst 1. janúar 2022. Staðallinn leysir af hólmi núverandi staðal, IFRS 4. IFRS 17 tekur til allra útgefna váttrygginga- og endurtryggingasamninga og inniheldur meginreglur um auðkenningu þeirra samninga, mat, framsetningu og upplýsingagjöf. Í staðlinum er nýtt líkan sem notað er við mat á tekjum af váttryggingasamningum og skuldbindingum vegna þeirra (e. General Measurement Model). Þó mega félög, sem eru með váttryggingasamninga með vernd sem spannar ár eða minna en ár nota einfaldari úthlutunaraðferð (e. Premium Allocation Approach) og verður sú leið farin hjá stofnuninni.

IFRS 17 mun leiða til breytinga á uppsetningu á rekstrarreikningi og hvernig tekjur og gjöld af váttryggingasamningum birtast í rekstrarreikningi. Uppsetning efnahagsreiknings breytist með tilheyrandi áhrifum á kennitölur úr rekstri líkt og samsett hlutfall. Helstu breytingar á efnahagsreikningi stofnunarinnar eru þær að viðskiptakröfur vegna váttryggingasamninga og iðgjaldaskuld munu að nær öllu leyti renna saman sem einn liður undir skuldum.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

m. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum, frh.:

Vátryggingaskuld stofnunarinnar var áður skipt í tjónaskuld og iðgjaldaskuld. Samkvæmt IFRS 17 verður vátryggingaskuld skipt í skuldbindingu vegna vátryggingasamninga sem tilheyra síðari tímabilum (e. Liability for remaining coverage (LRC)) og skuldbindingu vegna orðinna tjóna (e. Liability for incurred claims (LIC))

Skuldbinding vegna vátryggingasamninga sem tilheyrir síðari tímabilum samanstendur af mótteknum iðgjöldum að frádrögnum kostnaði við óflun samninga sem og iðgjöldum vegna veittrar þjónustu sem færðar eru sem tekjur á tímabilinu. Mun áhrifa IFRS 17 því einnig gæta á eignahlíð stofnunarinnar vegna breytinga á upphaflegri skráningu samninga.

Ekki er búist við verulegri breytingu á skuldbindingu vegna orðinna tjóna.

Áhrif staðalsins á fjárhag stofnunarinnar eru talin óveruleg, þrátt fyrir verulega breytingu á framsetningu á rekstrarreikningi og efnahagsreikningi.

IPSAS 43 *Leigusamningar* gildir frá og með árinu 1. janúar 2025. Staðallinn setur fram heildstætt líkan fyrir reikningshaldslega meðferð vegna leigusamninga, bæði í reikningsskilum leigutaka og leigusala. Við gildistöku leysir IPSAS 43 af hólmi IPSAS 13. Stofnunin sem leigutaki mun ekki þurfa lengur að greina á milli rekstrarleigu og fjármögnunarleigu. Þess í stað mun stofnunin færa leigueignir og leiguskuldir í efnahagsreikningi og afskriftir leigueigna og vaxtagjöld á leiguskuldam í rekstrarreikningi. Að auki gerir IPSAS 43 kröfu um ítarlegar upplýsingar í skýringum.

4. Starfspáttayfirlit

Starfspáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf til lykilstjórendnda félagsins. Annars vegar horfa stjórnendur á skiptingu í megin starfspætti en hins vegar er horft á skiptingu eftir flokkun tryggingareigna í skaðatryggingarrekstri. Rekstarafkoma starfspáttu tekur til liða sem heyra beint undir ákveðna starfspætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta milli starfspáttu á rökrænan hátt.

Stofnuninni er skipt upp í tvo rekstarstarfspætti: Skaðatryggingar og fjárfestingarstarfsemi.

Árið 2022	Skaða- tryggingar	Fjárfestinga- starfsemi	Samtals
Rekstrarstarfspættir			
Iðgjöld ársins	4.052.342	0	4.052.342
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum ársins	(556.425)	0	(556.425)
Fjárfestingatekjur (tap)	0	(3.615.435)	(3.615.435)
Aðrar tekjur	16.664	0	16.664
Heildartekjur starfspáttu	3.512.581	(3.615.435)	(102.854)
Tjón ársins	(224.006)	0	(224.006)
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins	9.595	0	9.595
Rekstrarkostnaður	(440.742)	(133.793)	(574.535)
Rekstarafkoma starfspáttu	2.857.428	(3.749.228)	(891.800)
Tap ársins			(891.800)

Skýringar, frh.:

5. Eigin iðgjöld	2022
Eigin iðgjöld greinast þannig:	
Bókfærð iðgjöld	4.249.526
Hluti endurtryggjenda	(556.425)
Breyting á iðgjaldaskuld	(197.184)
Eigin iðgjöld samtals	<u>3.495.917</u>
 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	
Fjármunatekjur greinast þannig:	
Gangvirðisbreyting verðbréfa	(4.694.196)
Vaxtatekjur af handbæru fé	57.169
Aðrar vaxtatekjur	234
Gengismunur gjaldmiðla	1.619
Fjármunatekjur samtals	(4.635.174)
 Fjármagnsgjöld greinast þannig:	
Vaxtagjöld	3.026
Gengismunur gjaldmiðla	0
Fjármagnsgjöld samtals	<u>3.026</u>
 7. Eigin tjón	
Eigin tjón greinast þannig:	
Bókfærð tjón	191.006
Hluti endurtryggjenda	(9.595)
Breyting á tjónaskuld	33.000
Eigin tjón samtals	<u>214.411</u>
 8. Rekstrarkostnaður	
Rekstrarkostnaður greinist þannig:	
Laun og launatengd gjöld	137.611
Aðkeypt sérfræðipjónusta	38.123
Innheimtubóknun váttryggingafélaga	177.549
Umsýslubóknun fjársýsluaðila	116.448
Styrkveitingar	7.363
Rannsóknarkostnaður vegna náttúruvár	5.423
Húsnæðiskostnaður	12.275
Breyting á niðurfærslu krafna	(392)
Tapaðar kröfur	362
Afskriftir rekstrarfjármuna	1.534
Annar rekstrarkostnaður	50.333
Rekstrarkostnaður samtals	<u>546.629</u>
 9. Laun og launatengd gjöld	
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	
Laun	110.109
Lífeyrisiðgjöld	16.674
Tryggingagjald	8.235
Önnur launatengd gjöld	2.593
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>137.611</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstöf	7,0

Skýringar, frh.:

10. Þóknun til endurskoðanda

Þóknun til endurskoðanda án virðisaukaskatts greinist þannig:	2022
Endurskoðun ársreiknings	2.390
Innri endurskoðun	2.038
Endurskoðunarkostnaður samtals	<u>4.428</u>

11. Rekstrarfjármunir

Bifreið greinist þannig:

Heildarverð 1.1.	8.521
Heildarverð 31.12.	<u>8.521</u>
Afskrifað 1.1.	852
Afskrifað á árinu	1.534
Afskrifað samtals 31.12.	<u>2.386</u>
Bókfært verð 31.12.	<u>6.135</u>

12. Fjáreignir

a. Flokkun og gangvirði fjáreigna

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun stofnunarinnar á fjáreignum og gangvirði þeirra. Óverulegur munur er á bókfærðu verði og gangvirði þar sem eignir bera breytilega vexti.

	Fjáreignir á gangvirði	Lán og kröfur	Bókfært alls	Gangvirði
2022				
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	52.340.614		52.340.614	52.340.614
Viðskiptakröfur		1.234.537	1.234.537	1.234.537
Handbært fé		2.262.510	2.262.510	2.262.510
Fjáreignir samtals	<u>52.340.614</u>	<u>3.497.047</u>	<u>55.837.661</u>	<u>55.837.661</u>

b. Stigkerfi gangvirðis

Taflan hér á eftir sýnir fjáreignir færðar á gangvirði eftir verðmatsaðferð. Aðferðirnar eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

Stig 2: Verðmatsaðferðir byggja á öðrum breytum en skráðu verði á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verði) eða óbeint (afleidd af verðum). Á þessu stigi eru eignir sem verðmetnar eru með því að nota verð á virkum markaði fyrir áþekkar eignir, skráð verð fyrir líkar eignir á mörkuðum sem eru taldir minna virkir, eða verðmatsaðferðir þar sem hægt er að fylgjast með í markaðsgögnum öllum mikilvægum breytum beint eða óbeint.

Stig 3: Forsendur verðmatsaðferða eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði, heldur meðal annars á upplýsingum um markaðsverð sambærilegra eigna að teknu tilliti til þarfa á leiðréttingum og breytingum á forsendum til þess að meta mismuninn á eignunum.

Stigkerfi gangvirðis

	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
2022				
Fjáreignir á gangvirði	<u>40.816.146</u>	<u>11.514.395</u>	10.073	<u>52.340.614</u>

Nær allar fjáreignir stofnunarinnar sem færðar eru á gangvirði hafa fallið undir stig 1 þar sem verð eru skráð á virkum markaði. Í árslok 2022 eru íbúðabréf að fjárhæð 11,5 ma. kr. flutt undir stig 2 stig þar sem lítil sem engin skráð viðskipti hafa verið með þau undanfarna mánuði. Óskráð skuldabréf sem falla undir stig 3 eru 10 millj. kr. (2021: 12 millj. kr.). Sjá nánar í skýringu 13.

Skýringar, frh.:

13. Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:

2022

Innlend hlutabréf	1.753.812
Erlend hlutabréf	2.884.288
Innlend hlutdeildarskírteini	1.527.572
Erlend hlutdeildarskírteini	7.705.990
Innlend skuldabréf	26.140.586
Erlend skuldabréf	12.318.293
Skráð verðbréf samtals	52.330.541
Óskráð skuldabréf	10.073
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	52.340.614

Óskráð skuldabréf eru endurheimtur vegna krafna í þrotabú viðskiptabankanna sem urðu gjaldþrota haustið 2008. Bréfin eru í evrum og pundum.

14. Endurtryggingaeignir

Endurtryggingaeignir greinast þannig:

2022

Kröfur á endurtryggjendur	0
Endurtryggingaeignir samtals	0

15. Gjaldþol

NTÍ er undanþegin gjaldþolskröfum (Solvency II) í samræmi við 3. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. NTÍ vinnur eigið mat á gjaldþoli og gerir grein fyrir því í árlegri áhættuskýrslu.

16. Váttryggingaskuld

2022

Váttryggingaskuld (heild og í eigin hlut):

Tjónaskuld	102.000
Iðgjaldaskuld	1.356.953
Váttryggingaskuld samtals	1.458.953

Tjónaskuld er ætlað að gefa til kynna fjárhagslega skuldbindingu sem hvílir á stofnuninni vegna ógreiddra tjóna í heild sinni, það er tilkynnta tjóna og orðinna en ótilkynnta tjóna í árslok.

Tjónaskuld vegna tilkynnta tjóna er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til stofnunarinnar að frádregnu því sem þegar hefur verið greitt vegna þessara tjóna. Gert er mat fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik þegar tjón er tilkynnt og eru breytingar gerðar þegar nýjar upplýsingar berast um einstök tjón. Reglulega fer fram endurskoðun á tjónaáætlunum.

Ótilkynnt tjón er áætlun fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum og viðbótarkostnaði vegna tjóna sem ekki eru að fullu komin fram. Í frumtryggingum byggist matið á tjónareynslu og framkomnum áður ótilkynntum tjónum á undanliðnum árum.

Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu sem tilheyrir næsta reikningsári.

17. Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts

Skuldbinding greinist þannig:

2022

Skuldbinding í ársbyrjun	2.088.765
Fjármagnstekjuskattur ársins	(1.019.738)
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(674.543)
Skuldbinding í árslok	394.484

Áhættustýring

18. Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum stofnunarinnar:

- váttryggingaáhætta
- endurtryggingaáhætta
- mótaðilaáhætta
- lausafjárahætta
- markaðsáhætta
- gjaldeyrisáhætta
- rekstraráhætta

Skýringar 19 - 25 veita upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir stofnunarinnar við að meta og draga úr áhættunum, auk upplýsinga um eiginfjárstýringu, áhættustýringu og rekstraráhættu.

Markmið stofnunarinnar með áhættustýringu er að greina þá áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna stofnunarinnar og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi stofnunarinnar. Áhættuskýrsla er unnin ár hvert þar sem fylgni við hverja og eina viðmiðunarkröfu í áhættustýringarstefnu er metin og gerð grein fyrir henni. Með virkri þátttöku starfsmanna í áhættustýringu, er viðhaft agað eftirlit þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Til að dreifa áhættu af eignastýringu eru fjórir eignastýrendur sem annast framkvæmd hennar. Frávik frá ákvarðaðri dreifingu eigna og samsetning eignasafnsins eru vöktuð af starfsmönnum stofnunarinnar.

19. Váttryggingaáhætta

Áhættan sem felst í hverjum váttryggingasamningi samanstendur af áhættu á að váttryggður atburður eigi sér stað og óvissu um endanlega tjónsfjárhæð.

Fyrir váttryggingasamninga þar sem líkindareikningi er beitt við verðmat og ráðstöfun stendur stofnunin frammi fyrir þeirri megináhættu að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærrí en áætlað var, alvarleiki þeirra eða tíðni verði meiri eða stórtjón fleiri en ráð var fyrir gert. Váttryggðir atburðir eru ófyrirséðir og rauntiðni og endanlegar fjárhæðir tjóna geta verið frábrugðnar áætlunum sem reiknaðar eru á grundvelli tölfræðilegra aðferða.

Stofnunin stendur frammi fyrir fjárhagslegri áhættu vegna fjáreigna sinna, endurtryggingaeigna og váttryggingaskuldar. Þegar horft er til framtíðar, liggur megin fjárhagsleg áhætta stofnunarinnar í því að fjáreignir nægi ekki fyrir skuldbindingum vegna váttryggingasamninga hennar.

Eignastýringaráhætta

Stofnunin jafnar váttryggingaskuld sína með safni verðbréfa og fjárfestingaeigna sem háðar eru markaðsáhættu.

Stofnunin heldur stórum hluta eigna sinna í ríkistryggðum skuldabréfum, innlendum sem erlendum til að takmarka markaðs- og mótaðilaáhættu.

Skuldabréf og hlutdeildarskírteini færð á gangvirði gegnum rekstarreikning:

2022

Verðbréf skráð í Kauphöll Íslands	27.894.398
Önnur skráð verðbréf	24.436.143
Óskráð verðbréf	10.073
	<hr/>
	52.340.614
Kröfur	1.234.537
Handbært fé	2.262.510
Samtals	<hr/>
	55.837.661
Váttryggingasamningar í eigin hlut	<hr/>
	1.458.953

Váttryggingasamningar eru ekki næmir fyrir markaðsvöxtum, þar sem þeir eru ekki núvirtir og bera ekki samningsbundna vexti.

19. Vátryggingaáhætta frh.:

Eignastýringaráhætta, frh.:

Næmigreining fyrir verðáhættu sýnir hvernig breytingar á gangvirði verðbréfa sveiflast vegna breytinga á markaðsverði, hvort sem verðbreytingarnar eru vegna einstakra fjárfestinga, útgefanda verðbréfa eða allra þátta sem hafa áhrif á fjármálagerninga sem viðskipti eru með á markaði.

Vegna þess að meirihluti fjáreigna stofnunarinnar er bókfærður á gangvirði, munu allar breytingar á aðstæðum á markaði hafa áhrif á fjárfestingatekjur stofnunarinnar.

Stjórnendur stofnunarinnar fylgjast stöðugt með sveiflum á markaði sem gerir stofnuninni kleift að bregðast skjótt við öllum breytingum.

Hækkun vaxta um 100 punkta myndi leiða til lækkunar á verðmæti verðbréfasafns stofnunarinnar um 2.591 millj. kr. í árslok 2022 (breytingin hefði numið um 3.182 millj. kr. í árslok 2021).

Í þessum útreikningum er um að ræða línulega nálgun þar sem vaxtanæmin er reiknuð miðað við meðallíftíma. Ávöxtunarkrafan hefur hins vegar áhrif á líftíma eigna þannig að til að framkvæma nákvæma útreikninga þarf að hafa upplýsingar um allt sjóðstreymi safnsins. Með þessari nálgun verða t.d. áhrif kröfubreytinga samhverf, þ.e. 1% hækkun ávöxtunarkröfu hefur sömu áhrif og 1% lækkun ávöxtunarkröfu en það gildir hins vegar ekki í reynd.

Áhætta NTÍ vegna vaxtanæmi kann að vera minni en útreikningar eignasafnsins gefa til kynna. Sé tekið mið af því að eignasafnið er til að mæta greiðslum vegna mögulegra tjóna í framtíð má líta svo á að núvirði ófallinna framtíðarskuldbindinga sé jafnframt næmt fyrir vaxtabreytingum. Því kann vaxtanæmin að jafnast út á eigna- og skuldbindingahlíð sjóðsins.

20. Endurtryggingaráhætta

Endurtryggingaáhætta getur m.a. falist í því að greiðslufall verði hjá endurtryggjendum. Oft á tíðum tekur langan tíma að gera upp tjónsatburð. Á þeim tíma getur fjárhagsleg staða endurtryggjanda breyst á þann hátt að hann verði ófær um að standa við skuldbindingar sínar. Í áhættustýringarstefnu NTÍ kemur fram að endurtryggjendur skuli hafa mat á fjárhagsstyrk frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og mörk eru sett um hve mikla áhættu stofnunin tryggir hjá hverjum endurtryggjanda.

Lánshæfi er birt, bæði fyrir samning nr. 1 og nr. 2, auk þess sem upplýsingar um vegið lánshæfismat kemur fram. Í vegnu lánshæfismati er tekið hæsta lánshæfismat óháðs matsfyrirtækis og metin hlutdeild hvers endurtryggjanda í samningnum til að fá áhættustuðul samningsins.

Hér á eftir er gerð grein fyrir hlutfallslegri skiptingu endurtryggjenda eftir mati þeirra fyrir árið 2022 og vegna ársins 2023:

	2023	2022	2023	2022
	Samningur 1	Samningur 1	Samningur 2	Samningur 2
AA-	37,0%	37,0%	37,0%	37,0%
A+	37,0%	25,0%	37,0%	25,0%
A	20,0%	17,0%	20,0%	17,0%
A-	4,0%	17,0%	4,0%	17,0%
Ekki með lánshæfismat	2,0%	4,0%	2,0%	4,0%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
A eða betra mat	94,0%	79,0%	94,0%	79,0%
Vegið lánshæfismat	62,8%	60,4%	62,8%	60,4%

Skýringar, frh.:

21. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar og ef tryggingar hrökkva ekki fyrir eftirstöðvum kröfunnar. Bókfært verð fjáreigna stofnunarinnar jafngildir mesta mögulega tapi vegna útlánaáhhættu.

Hámarks mótaðilaáhætta á uppgjörssdegi greinist þannig:

2022

Verðbréf	38.468.952
Kröfur	1.234.537
Handbært fé	2.262.510
Samtals	<u>41.965.999</u>

22. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að stofnunin geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Stofnunin þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt ófyrirséðum breytingum í fjármögnun eða markaðsbresti. Fjármálafyrirtæki sjá um fjárfestingar stofnunarinnar og er hægt að innleysa þær með skömmum fyrirvara ef til verulegra náttúruhamfara kæmi.

23. Markaðsáhhætta

Markaðsáhhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og hlutabréfa hafi áhrif á afkomu stofnunarinnar og virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

Stefna stofnunarinnar við stýringu markaðsáhhættu ræðst af fjárfestingarmarkmiðum hennar. Fylgst er með breytingum á markaði í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórn stofnunarinnar fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhhættu stofnunarinnar á mánaðarfresti eða oftár ef þurfa þykir.

24. Gjalddeyrissáhhætta

Stofnunin fjárfestir í fjármálagerningum og gerir samninga í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli sínum. Þess vegna stendur stofnunin frammi fyrir hættunni á því að gengi starfsrækslugjaldmiðils hennar miðað við aðra gjaldmiðla breytist á þann hátt að það hafi óhagstæð áhrif á virði þess hluta eigna og skulda stofnunarinnar sem eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum.

Sundurliðun eigna og skulda eftir erlendum myntum:

2022	USD	EUR	GBP	Annað	Samtals
Eignir:					
Handbært fé	58.113	92.008	3.175	4.901	158.197
Verðbréf	13.743.607	6.870.388	1.144.810	1.167.316	22.926.121
Gengisáhhætta í efnahagsreikningi	13.801.720	6.962.396	1.147.985	1.172.217	23.084.318

Við skiptingu verðbréfa í gjaldmiðla í töflunni er miðað við gjaldmiðlaskiptingu eigna sem eru í eigu verðbréfasjóða sem NTÍ hefur fjárfest í, en ekki uppgjörsmýntir sjóðanna.

Hefði gengi erlendra gjaldmiðla verið 1% hærra miðað við stöðuna í árslok hefði hagnaður stofnunarinnar orðið 180 millj. kr. hærra (2021: 198 millj. kr.) og eigið fé hefði hækkað um sömu fjárhæð. Lækkun erlendra gjaldmiðla hefði haft sömu áhrif til lækkunar á hagnaði og eigin fé.

Skýringar, frh.:

25. Rekstraráhætta

Stofnunin býr við rekstraráhættu vegna mögulegs beins eða óbeins taps í tengslum við mismunandi þætti er varða t.d. starfsfólk, tækni og skipulag, og einnig í tengslum við utanaðkomandi þætti aðra en láns-, markaðs-, eða lausafjánhættu, s.s. lög og reglur og viðurkennda staðla um háttsemi fyrirtækja.

Markmið stofnunarinnar er að verja stofnunina gegn rekstraráhættu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír stofnunarinnar verði fyrir skaða.

Til að draga úr rekstraráhættu gerir stofnunin meðal annars kröfur um að verkefni og skyldur séu aðskildar á viðeigandi hátt, um reglulegar afstemmingar á færslum og eftirlit með þeim, að farið sé að lögum og reglum, að gert sé reglulegt mat á rekstraráhættuþáttum, þjálfun og faglega uppbyggingu.

26. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Tengdir aðilar stofnunarinnar eru stjórn, forstjóri og aðilar þeim tengdir. Félög í eigu stjórnarmanna eru einnig skilgreind sem tengdir aðilar.

Engin viðskipti voru við tengda aðila á árunum 2022 og 2021.

Laun og hlunnindi forstjóra og stjórnar greinast þannig:

	2022	
	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð
Hulda Ragnheiður Árnadóttir, forstjóri	30.522	5.586
Sigurður Kári Kristjánsson stjórnarformaður	3.787	436
Jóna Björk Guðnadóttir, stjórnarmaður	1.894	218
Lína Björg Tryggvadóttir stjórnarmaður	1.894	218
Ragnar Þorgeirsson, stjórnarmaður og í esk.nefnd	2.840	327
Steinar Harðarson, stjórnarmaður	1.894	0
Sigurður Þórðarson, formaður esk.nefndar	1.894	0
Steinunn Guðjónsdóttir, endurskoðunarnefnd	1.420	163
Varastjórnarmenn	851	108

27. Kennitölur

Helstu kennitölur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

	2022
Eigið tjónshlutfall	6,1%
Kostnaðarhlutfall	15,6%
Samsett hlutfall (tjón+kostnaður)	21,7%
Eiginfjárhlutfall	96,5%

Viðskiptalíkan félagsins

Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) starfar skv. sérlögum nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands og reglugerð nr. 700/2019 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands með áorðnum breytingum. Starfsstöð NTÍ er í Hlíðasmára 14, Kópavogi. NTÍ er stórt félag í skilgreiningu laga 3/2006 um ársreikninga þar sem heildareignir eru yfir 3 milljarðar kr. og hrein velta yfir 6 milljarðar kr.

NTÍ starfar á sviði skaðatrygginga samkvæmt lögum nr. 55/1992 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 79/2008 eru váttryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Náttúruhamfaratrygging er lögbundin trygging sem bætir beint tjón á váttryggðum eignum af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Náttúruhamfaratryggingin fylgir brunatryggingu húseigna sem er lögbundin skyldutrygging. Einnig er skylt að náttúruhamfaratryggja mannvirki, s.s. brýr, hafnir, skíðalyftur og ýmis veitumannvirki í opinberri eigu þótt þau séu ekki brunatryggð.

Fjármagn í umsjá NTÍ er í ríkiseigu og því er áhersla lögð á eignadreifingu í fjárfestingastefnu NTÍ. Samningar eru við Arion banka, Íslandssjóði, Íslensk verðbréf og Landsbankann um eignastýringu með megináherslu á áhættulitlar fjárfestingar með öryggi umfram ávöxtun að leiðarljósi. Til að draga úr áhættu eru endurtryggingasamningar gerðir árlega við erlenda endurtryggjendur. Til að tryggja áhættudreifingu er samningnum skipt á milli u.þ.b. 23-25 endurtryggjenda.

NTÍ hefur hafið stefnumótun í ábyrgum fjárfestingum en henni er ekki lokið. NTÍ útvistar eignastýringu til fjögurra eignastýringaraðila sem fjárfesta í samræmi við fjárfestingarstefnu stjórnar NTÍ. Haustið 2021 gerði Reitun úttekt á þeim hluta sjóðsins sem Íslandsbanki stýrir fyrir NTÍ með tilliti til umhverfis-, félags- og stjórnarháttanna (UFS/ESG). Til skoðunar er að framkvæma sams konar úttekt á sjóðum hinna eignastýringaraðilanna síðar. NTÍ útvistar eftirliti með eignastýrendum til Analytica ehf. sem skilar mánaðarlegum yfirlitum um stöðu safnsins og fylgni við fjárfestingastefnu til stjórnar.

Áreiðanleikakönnunarferli

NTÍ uppfyllir græn skref í ríkisrekstri og heldur grænt bókhald frá og með árinu 2021 og er því skilað til Umhverfisstofnunar. NTÍ starfrækir gæðakerfi sem er byggt á ISO9001 staðlinum þó ekki hafi verið sóst eftir vottun á því undanfarin ár. Hluti af því er að öll gæðaskjöl eru áhættumetin við útgáfu og innri úttektir skipulagðar í samræmi við áhættumat þeirra. Sett eru markmið og leiðir með öllum helstu stefnum NTÍ til að tryggja að unnið sé í samræmi við stefnur stjórnar. Reglulegar úttektir fara fram samkvæmt áhættumiðaðri úttektaráætlum á öllum helstu gæðaferlum stofnunarinnar.

NTÍ hefur ekki sett sérstaka stefnu á sviði sjálfbærni en hefur sett eftirfarandi stefnur og reglur sem tengjast sjálfbærni að einhverju leyti:

- Umhverfis- og loftslagstefna
- Mannauðsstefna
- Starfsreglur stjórnar
- Persónuverndarstefna
- Siðareglur
- Aðgerðaráætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi

Árlega er framkvæmd innri úttekt á fylgni við markmið og leiðir allra stefna stofnunarinnar og skýrslu um það skilað inn til endurskoðunarnefndar og til stjórnar.

Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.:

Hér á eftir má lesa nánar um þær aðgerðir sem gripið var til á árinu 2021 á sviði umhverfis- og loftlagsmála, félagslegra þátta og stjórnarháttá.

Umhverfis- og loftlagsmál

NTÍ setti sér umhverfis- og loftslagsstefnu í október 2021 samhliða vinnu við innleiðingu grænna skrefa. Til að fylgja henni eftir hefur NTÍ skilgreint tímasett markmið og leiðir. Umhverfis- og loftslagsstefnan er rýnd árlega af innleiðingarteymi Grænna skrefa og áherslur, markmið og aðgerðaráætlun uppfærð þegar niðurstöður Græns bókhalds liggja fyrir. Allar uppfærslur eru lagðar fyrir stjórn til samþykktar. NTÍ hefur það að markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt leiðbeiningum um loftslagsstefnur opinberra aðila en jafnframt að draga úr umhverfisáhrifum stofnunarinnar í víðara samhengi.

Markmið

Í samræmi við stefnu í umhverfis- og loftlagsmálum hefur NTÍ sett sér eftirfarandi markmið:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar
- Efla fjarfundarmenningu og fjartjónamat
- Draga úr úrgangsmýndun, auka endurvinnslu og huga að orkusparnaði
- Fræða starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál
- Stunda umhverfisvæn innkaup og fylgja Grænum skrefum
- Kolefnisjafna losun stofnunarinnar með ábyrgum hætti
- Fræða matsmenn um umhverfisvænni viðgerðaraðferðir sem hægt er að leggja til grundvallar að kostnaðarmati, þar sem áhersla er lögð á að gera við, í stað endurnýjunar
- Hvetja tjónþola til ábyrgrar förgunar, endurnýtingar byggingarefnis og til notkunar umhverfisvænna viðgerðaraðferða
- Hvetja starfsfólk til vistvænna og virkra samgangna

Megináhættur

Jarðskjálftaáhætta er stærsta áhættan skv. áhættumati NTÍ. Áhættumatið gerir ráð fyrir að jarðskjálftar séu til langs tíma litið sú áhætta sem valdi mestu fjárhagslegu tjóni á váttryggðum eignum. Eldgosaáhætta er talsverð, en tíðni eldgosaatburða sem valda tjóni í byggð er metin minni en vegna jarðskjálfta. Gera má ráð fyrir að um sé að ræða aukna tíðni sjávarflóða, vatnsflóða og skriðufalla vegna loftslagsbreytinga. Áhætta vegna snjóflóða hefur minnkað eftir því sem uppbyggingu varnarmannvirkja vindur fram víða um land. Aukin tíðni ýmissa loftslagstengdra náttúruhamfara erlendis er farin að hafa veruleg áhrif á heimsmarkaðsverð á endurtryggingum.

Lykilmælikvarðar

Mælikvarðar vegna eftirtalinna þátta eru skilgreindir í umhverfisstefnu vegna losunar gróðurhúsalofttegunda:

- Flugferðir starfsmanna innanlands og erlendis
- Akstur á bílaleigu- og leigubílum
- Tegund og hlutföll úrgangs sem fellur til á skrifstofu NTÍ
- Fjöldi samgöngusamninga sem stofnunin gerir við starfsmenn
- Rafmagnsnotkun á starfsstöð í Kópavogi
- Hlutfall umhverfisvottaðrar vöru sem keypt er á skrifstofu NTÍ

Árangur

NTÍ innleiddi græn skref í ríkisrekstri árið 2021 og heldur því grænt bókhald og skilar árangursmælingum árlega til Umhverfisstofnunar.

Félagslegir þættir

Mannauðsstefna NTÍ stýrir mannréttinda- og starfsmannamálum stofnunarinnar. NTÍ nýtir ráðningarskrifstofur til að aðstoða í ráðningarferli fastráðins starfsfólks með það í fyrirrúmi að tryggja jafnréttissjónarmið í ráðningarferlinu. Hjá stofnuninni eru færri en 25 starfsmenn og því ekki krafa um að viðhafa jafnlaunavottun. Forstjóri hefur yfirsýn yfir launamál þar sem lögð er áhersla á að tryggja fylgni við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Markmið

Í samræmi við mannauðsstefnu hefur NTÍ m.a. sett sér eftirfarandi markmið:

- Viðhalda liðsheild. Gagnrýnum ekki samstarfsfólk að því fjarverandi og sýnum í verki að öll störf eru mikilvæg.
- NTÍ setur sér stefnu um „Aðgerðaráætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi“. Bregðast skal við einelti og kynferðislegri áreitni um leið og mál kemur upp eða ef grunur liggur fyrir um slíkt.
- Tryggja að raddir allra heyrist og skapa rými fyrir hugmyndir.
- Setning aðgerðaráætlunar fyrir heilsuefandi vinnustað
- Fagna fjölbreytileikanum og ólíkum hugmyndum

Megináhættur

- Félagsleg einangrun og vanlíðan í tengslum við heimavinnu
- Aukið álag á stoðkerfi vegna ófullnægjandi vinnuástöðu og skorts á næði heima fyrir.
- Sviksemi, óheildarleiki stjórnenda, starfsfólks, matsmanna eða tjónþola.
- Mikil sérfræðipækking hjá fáum starfsmönnum eykur áhættu á „spekileka“ þegar starfsmannabreytingar eiga sér stað.

Lykilmælikvarðar

Lykilmælikvarðar fyrir félagslega þætti hafa verið skilgreindir í markmiðum og leiðum með mannauðsstefnu sem gildir frá og með 24. mars 2022. Mat á árangri fer fram árlega með úttekt óháðs aðila á upplifun starfsfólks.

Stjórnarhættir

Stjórn NTÍ er skipuð til fjögurra ára í senn og telur fimm einstaklinga, tvær konur og þrjú karla. Núverandi stjórn var skipuð frá 1. júlí 2019 með skipunartíma til 30. júní 2023. Stjórn framkvæmir árlega árangursmat á störfum stjórnar.

Stjórnarháttum NTÍ er lýst í stjórnarháttayfirlýsingu ár hvert og er stýrt með starfsreglum stjórnar.

Stjórnarháttayfirlýsing er birt sérstaklega á vefsíðu NTÍ (<https://www.nti.is/um-nti/>).

Markmið

NTÍ hefur sett sér eftirfarandi markmið er snúa að stjórnarháttum:

- Unnið sé samkvæmt starfsreglum sem byggja á leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sem gefnar eru út a Viðskiptaráði, Nasdaq og Samtökum atvinnulífsins.
- Ávallt sé starfað í samræmi við öll lög og reglur sem um starfsemina gilda.
- Starfsreglur stjórnar skýri hlutverk og ábyrgð stjórnar og forstjóra hverju sinni.
- Árangursmat stjórnar sé framkvæmt árlega og brugðist við niðurstöðum þess.
- Hlutfall annars kyns í stjórn sé aldrei lægra en 40% í samræmi við gildandi lög.
- Persónuverndarstefna sé virk og gætt að upplýsingaöryggi í hvívetna.
- Áhættustýring taki til allra helstu þátta starfseminnar og tryggi rekstrarsamfellu eins og hægt er.

Markmið

- Ófullnægjandi áherslur á siðferði.
- Ófullnægjandi stjórnarhættir stofnunarinnar.

Markmið og lykilmælikvarðar

Markmið og lykilmælikvarðar fyrir stjórnarhætti þætti hafa ekki verið skilgreindir en stefnt er að því að það verði gert á árinu 2022.

Stjórnarháttayfirlýsing 2022 NTÍ

Inngangur

Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) starfar skv. sérlögum nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands og reglugerð nr. 700/2019 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands með áorðnum breytingum. Starfsstöð NTÍ er í Hlíðasmára 14, Kópavogi.

NTÍ starfar á sviði skaðatrygginga samkvæmt lögum nr. 55/1992 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 79/2008 eru váttryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Samkvæmt útgefnum ársreikningi voru iðgjöld ársins 2022 í árslok kr. 4.052.342.000.

Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vef NTÍ. Við gerð stjórnarháttayfirlýsingar þessarar var stuðst við nýjustu útgáfu leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins sem tóku gildi 1. júlí 2021.

Starfsemin

Náttúruhamfaratrygging er lögbundin trygging sem bætir beint tjón á váttryggðum eignum af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Náttúruhamfaratryggingin fylgir brunatryggingu húseigna sem er lögbundin skyldutrygging. Sé lausafé tryggt gegn bruna, hvort sem er með sérstakri lausafjártryggingu eða samsettri lausafjártryggingu, er innifelur bætur af völdum eldsvoða og flokkast undir eignatryggingar, þá fylgir náttúruhamfaratrygging slíkri váttryggingu. Váttryggingaupphæð náttúruhamfaratryggingar eru sú sama og viðkomandi brunatryggingar en tryggingarskilmálar eru aðrir.

Einnig er skylt að náttúruhamfaratryggja mannvirki, s.s. brýr, hafnir, skíðalyftur og ýmis veitumannvirki í opinberri eigu þótt þau séu ekki brunatryggð. Þegar mannvirki eru náttúruhamfaratryggð hjá NTÍ er átt við frumtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga. Heimilt er að váttryggja mannvirkin annars staðar en hjá NTÍ.

Ágreiningi um hvort bótaskyld tjón hafi orðið eða um fjárhæð váttryggingarbóta má skjóta til sérskipaðrar úrskurðarnefndar. Formaður úrskurðarnefndar er Helgi Birgisson, lögmaður hjá Forum lögmönnum, tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Aðrir nefndarmenn eru Sólveig Þorvaldsdóttir, byggingaverkfræðingur, tilnefnd af Háskóla Íslands, Guðrún Ólafsdóttir, jarðskjálftaverkfræðingur, skipuð af ráðherra og Stefán Már Stefánsson, prófessor emeritus, skipaður af ráðherra. Skipunartími nefndarinnar er til þriggja ára frá 1. mars 2022 til 1. mars 2025.

Samskipti ráðuneytis og stjórnar

NTÍ sendir fjármála- og efnahagsráðuneyti ársreikning um leið og hann liggur fyrir og ársskýrslu NTÍ í beinu framhaldi af ársfundi. Önnur samskipti eru í tengslum við lög og reglur sem um NTÍ gilda og úrskurðarnefnd um Náttúruhamfaratryggingu Íslands. Forstjóri leggur áherslu á að upplýsa ráðuneytið um öll mál sem geta talist mikilvæg og/eða þarf að hafa í huga varðandi starfsumhverfi NTÍ.

Brot á lögum og reglum

NTÍ hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingafélög eða löggjöf um bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi.

Stjórnarháttayfirlýsing 2022 NTÍ

Innra eftirlit og áhættustýring

NTÍ lýtur eftirliti Seðlabanka Íslands og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta NTÍ. Fram til ársins 2017 voru í gildi leiðbeinandi tilmæli FME nr. 3/2014 um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum sem áhættustýring NTÍ byggði á, en þau hafa nú verið felld úr gildi. Þar sem FME mun ekki viðhalda tilmælunum var ákveðið að líta til COSO ERM 2017 við endurskoðun samhæfðrar áhættustýringar frá árinu 2017. Núverandi áhættustefna byggir því á nýjustu leiðbeiningum COSO sem stendur fyrir Committee of Sponsoring Organizations of the Treadway Commission.

Stjórnkerfi og skipulag NTÍ er skráð í gæðakerfi hennar. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn stofnunarinnar miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu NTÍ og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur NTÍ og eru innri úttektir og áhættugreiningar framkvæmdar reglulega. Starfsmaður þjónustusviðs kynnir niðurstöðu gæða- og öryggismála, innri úttekta og stöðu úrbótaverkefna árlega í kjölfar innri endurskoðunar og annarra úttekta fyrir stjórn og endurskoðunarnefnd.

NTÍ leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Mánaðarleg skýrslugjöf um eignastýringarsafn er mikilvægur þáttur í upplýsingagjöf til stjórnar NTÍ. Að auki er ítarleg skýrslugjöf um safnið ársþriðjunglega og árlega er eigið áhættu- og gjaldþolsmat framkvæmt samhliða ársskýrslu um árangur eignasafnsins. Forstjóri fundar að jafnaði nokkrum sinnum á ári með fjárstýringaraðilum, um hvernig stýringu og eftirliti með fjárfestingum er háttað og til þess að leggja mat á hvort það sé fullnægjandi.

Árleg skýrsla um áhættustýringu og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfsemi og auðveldu NTÍ að uppgötva og leiðrétta hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfsemi og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til.

Tjónaskuld og endurtryggingavernd NTÍ eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir stofnunarinnar og skuldbindingar hennar.

Samningur um ytri endurskoðun var gerður við Deloitte haustið 2018 til fimm ára fyrir tímabilið 2018-2022 á grundvelli útboðs með milligöngu Ríkisendurskoðunar. Samningur er í gildi um innri endurskoðun við EY (Ernst and Young) fyrir árin 2022-2024.

Hlutverk, framtíðarsýn og vegvísar

Unnið er að stöðugum umbótum í starfsemi Náttúruhamfaratryggingar Íslands og var nýtt skipurit var samþykkt af stjórn NTÍ í mars 2021. Markmið með breytingum á skipulagi NTÍ var að tryggja skýrt umboð og farsæla stjórnun stofnunarinnar jafnt í daglegu starfi sem og í gegnum stóra tjónsatburði.

Stjórn og starfsfólk hafa sameiginlega sett siðareglur fyrir NTÍ sem ætlað er að vera nokkurs konar vegvísir fyrir þá sem starfa í þágu NTÍ. Siðareglurnar eru leiðarljós stjórnar og starfsmanna um þá siðferðislegu ábyrgð sem allir hlutaðeigandi hafa sammælt um að fylgja í orði og verki. Reglurnar byggja á gildum sem skulu vera ráðandi í öllum ákvörðunum NTÍ, þær eru sanngirni, áreiðanleiki, samvinna og frumkvæði. Siðareglurnar voru síðast endurskoðaðar í mars 2022.

Ný mannauðsstefna var samþykkt í mars 2022, en hún byggir á fimm meginþáttum, vinnustaðamenningu, stjórnun og þróun, starfssambandi, starfsþróun og heilsu og líðan.

Stjórn hefur sett fram framtíðarsýn í einstökum málaflökkum stefnuskjölum sem eru hluti af gæðakerfi NTÍ. Sett hafa verið markmið og leiðir með öllum stefnum stjórnar til að tryggja innleiðingu þeirra og fylgni við þær.

Stjórnarháttayfirlýsing 2022 NTÍ

Reglur, stefnur og samfélagsleg ábyrgð

Starfsreglur stjórnar eru að jafnaði endurskoðaðar árlega og voru þær síðast staðfestar 25. ágúst 2022. Reglurnar kveða meðal annars á um hæfi stjórnarmanna, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og forstjóra, fyrirvar stjórnar NTÍ, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp, fundargerðir og ákvörðunarvald stjórnar. Auk stefnumótunarhlutverksins hefur stjórn eftirlit með því að starfsemi NTÍ sé í samræmi við lög og reglur og hefur eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna NTÍ. Stjórnin hefur eftirlit með virkni áhættustýringar, árangri og skilvirkni innra starfs NTÍ og stuðlar að því að markmið NTÍ náist.

Áhættustýringarstefna er í stöðugri endurskoðun og eru þrjár stærstu áhættuþættir í starfseminni skilgreindir sem; meðferð tjónamála, stýring eignasafns og tryggingafræðileg áhætta. Áhættustýringarstefnan er í anda samhæðrar áhættustýringar COSO 2017, þar sem m.a. er fjallað um áhættumeningu, stefnumótun, áhættu við framkvæmd verkefna, upplýsingar um áhættu og skýrslugerð ásamt kröfum um innra eftirlit og áhættumælingar.

Upplýsingaöryggisstefna var síðast endurskoðuð í febrúar 2022 og byggir hún á leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Stjórn staðfesti endurskoðaða umhverfis- og loftslagsstefnu NTÍ í október 2022, en henni er m.a. ætlað að tryggja fylgni við „Græn skref í ríkisrekstri“ og styðja við áherslur ríkisins um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Ekki er í gildi sérstök stefna NTÍ varðandi samfélagslega ábyrgð en í skipulagi og umgjörð starfseminnar eru í gildi reglur sem ætlað er að tryggja rekstrarsamfellu og samfélagslegt öryggi þegar til náttúruhamfara kemur. Birtist þetta m.a. í reglum um fjárfestingarstarfsemi, fjárfestingarstefnu og viðbragðsáætlun.

Stjórn hefur ekki sett sér stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn. Stjórn gengur út frá því að þeir sem skipa í stjórnina fari eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

Stjórn heldur sameiginlega fundi með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu. Bæði stjórn og endurskoðunarnefnd funda a.m.k. einu sinni á ári án viðveru forstjóra NTÍ. Mat stjórnar á eigin störfum fór síðast fram í janúar 2022 og taldi stjórn sig hafa uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og starfsreglum og að starf hennar hefði skilað tilætluðum árangri. Í árangursmati stjórnar var áhersla lögð á mat á skipulag og framkvæmd stjórnarfunda, upplýsingagjöf til stjórnar, hlutverk, ábyrgð og valdmörk stjórnar og forstjóra, virkni stjórnarmanna og mat á störfum stjórnarformanns og forstjóra.

Árlega skilar endurskoðunarnefnd skýrslu til stjórnar um störf sín og leggur mat á eigin störf skv. góðum starfsháttum endurskoðunarnefnda.

Persónuvernd

Stjórn hefur sett sér persónuverndarstefnu sem birt er á heimasíðu NTÍ. Persónuvernd er hluti af áhættumati við alla samningagerð á vegum NTÍ og eru vinnslusamningar gerðir alls staðar þar sem unnið er með persónuupplýsingar. Mikil áhersla er lögð á öryggi persónuupplýsinga í upplýsingakerfum. PwC sinnir hlutverki persónuverndarfulltrúa fyrir hönd NTÍ.

Fjárvarsla og eignastýring

Mikil áhersla er lögð á eignadreifingu í fjárfestingastefnu NTÍ. Samningar eru við Arion banka, Íslandssjóði, Íslensk verðbréf og Landsbankann um eignastýringu. Eignir eru bæði í innlendum og erlendum eignum og megináhersla lögð á áhættulitlar fjárfestingar þar sem öryggi er haft að leiðarljósi umfram ávöxtun eigna. Analytica hefur eftirlit með eignastýrendum og tekur saman mánaðarleg yfirlit um stöðu safnsins og fylgni við fjárfestingastefnu. Stjórn fær mánaðarlega samantekt um stöðu eignasafnsins til kynningar. Ársþriðjunglega er gerð ítarleg greiningarskýrsla og samanburður á frammistöðu eignastýrenda sem lögð er fyrir stjórn til umfjöllunar.

Stjórnarháttayfirlýsing 2022 NTÍ

Endurtryggingar

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu stofnunarinnar. Stofnunin hefur keypt erlendar endurtryggingar fyrir árið 2023 sem byggja á tveimur samningum. Annar samningurinn hefur tvöns konar virkni. Annars vegar fyrir stakan atburð, allt að 25 milljörðum króna, með eigin áhættu að fjárhæð 10 milljörðum króna. Einnig er uppsöfnunarákvæði í samningnum, þar sem nokkrir atburðir af ólíkum tegundum geta talið upp í 10 milljarða kr. eigin áhættu, hámark 25 milljarða króna. Hinn samningurinn veitir vernd gegn mjög stórum einstökum atburðum þar sem endurtryggjendur greiða allt að 15 milljarða króna umfram það 25 milljarða tjón sem fyrri samningurinn tekur til ef um er að ræða stakan atburð. Að jafnaði eru í kringum 25 endurtryggjendur á samningum NTÍ um endurtryggingarvernd vegna áhættu í stóratburðum. Frá árinu 2014 hefur Aon Benfield séð um miðlun endurtrygginga. Endurnýjun endurtryggingasamninga fer fram í lok hvers árs fyrir komandi almanaksár.

Stjórn

Stjórn NTÍ er skipuð fimm einstaklingum og er skipunartími frá 1. júlí 2019 – 30. júní 2023. Þrír eru kosnir af Alþingi. Vátryggingafélög sem innheimta iðgjöld (SFF) velja einn stjórnarmann en fjármála- og efnahagsráðherra skipar formann. Stjórnarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Stjórnina skipa: Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður, Lína Björg Tryggvadóttir, varaformaður, Jóna Björk Guðnadóttir, Ragnar Þorgeirsson og Steinar Harðarson.

Varamenn í stjórn eru Sóley Ragnarsdóttir, Margrét Arnheiður Jónsdóttir, Sigríður Gísladóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir og Tómas Ellert Jónsson.

Stjórn Náttúruhamfaratryggingar Íslands telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti nr. 2.3.2 er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Stjórnarmenn eru allir óháðir stofnuninni og daglegum stjórnanda hennar.

Það er hefð að bjóða öllum varamönnum að sitja einn stjórnarfund á ári sem áheyrnarfulltrúar, en það er jafnan gert á stjórnarfundum sem haldinn er að morgni ársfundardags í maí ár hvert. Tilgangur með boðun varamanna á árlegan fund er að stuðla að viðhaldi þekkingar á starfseminni og til að tryggja að þeir þekki til þeirra vinnubragða sem viðhöfð eru í tengslum við stjórnarfundum. Stjórn Náttúruhamfaratryggingar Íslands fundaði 12 sinnum á árinu 2022 og var varamaður boðaður til fundar í átta tilvikum vegna fjarveru aðalmanna. Tveir stjórnarmenn voru fjarverandi á þremur fundum og tveir voru fjarverandi á einum fundi. Stjórnarformaður sat alla fundi stjórnar á árinu.

Á árinu tóku fjármál og eignastýringaráherslur um 34% af starfstíma stjórnar, stefnumótun og gæðamál um 23%, meðferð tjónamála 5%, áhættustýring og eftirlitsþættir í starfseminni 15% og tryggingafræðileg áhætta og endurtryggingar 13%. Aðrir þættir í störfum stjórnar námu 10% af starfstíma stjórnar.

Stjórnina skipa:

Sigurður Kári Kristjánsson, fæddur 9. maí 1973 til heimilis í Reykjavík. Hann hefur gegnt hlutverki stjórnarformanns Náttúruhamfaratryggingar Íslands frá árinu 2015 og er skipaður af ráðherra. Hann hlaut málflytningarréttindi fyrir héraðsdómi frá 1999 og fyrir Hæstarétti Íslands árið 2017. Sigurður Kári var lögmaður á lögmannsstofunni Lex frá árinu 1998 til 2003, en það ár var hann kjörinn til setu á Alþingi sem þingmaður Reykvíkinga. Frá árinu 2011 hefur Sigurður Kári verið sjálfstætt starfandi lögmaður og rekur lögmannsstofuna LLG lögmennt í félagi við aðra. Sigurður Kári hefur setið í fjölmörgum stjórnnum, ráðum og nefndum á vegum stjórnvalda.

Stjórnarháttayfirlýsing 2022 NTÍ

Stjórnina skipa, frh.:

Lína Björg Tryggvadóttir hefur verið varaformaður stjórnar frá árinu 2015. Lína Björg lauk B.S. prófi í viðskiptafræði frá Háskólanum á Akureyri árið 2006 með áherslu á viðskiptalögfræði og stjórnun. Hún lauk Diploma í opinberri stjórnsýslu haustið 2020 og er á lokaspretti á að ljúka M.sc. í Sjávarbyggðafraeði frá HA. Hún var áður verkefnastjóri hjá Vestfjarðastofu og hafði þar yfirumsjón með ýmsum verkefnum er lúta að uppbyggingu sveitarfélaganna níu og útibússtjóri Mótus á Ísafirði (2006-2013). Hún sat í bæjarstjórn Ísafjarðar í fjögur ár, hún hefur einnig setið í skipulagsnefnd og verið varaformaður umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar. Einnig hefur hún unnið að viðskipta- og uppbyggingarverkefnum bæði á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (Nordregio) og með öðrum sveitarfélögum á Íslandi.

Jóna Björk Guðnadóttir, fædd 31. mars 1967 til heimilis í Reykjavík. Hún var skipuð í stjórn NTÍ eftir tilnefningu frá SFF árið 2019 en var varamaður í stjórn frá 2015-2019. Jóna Björk lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1994 og starfar sem yfirlögfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), en hún hefur starfað hjá SFF síðan 2008. Hún starfaði sem regluvörður Sparisjóðabanka Íslands frá 2006-2008. Frá 2001-2005 starfaði hún sem deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, frá 1999 – 2000 starfaði hún sem framkvæmdastjóri Starfrækslunefndar gagnagrunns á heilbrigðisviði. Að loknu lagaprófi starfaði hún sem fulltrúi sýslumannsins í Keflavík. Jóna Björk hefur setið í fjölmörgum stjórnnum og nefndum á vegum stjórnvalda og situr í laganefnd Evrópsku bankasamtakanna.

Ragnar Þorgeirsson, fæddur 23. janúar 1966, til heimilis í Reykjavík. Ragnar var fyrst skipaður í stjórn NTÍ af Alþingi árið 2015, auk þess sem hann er fulltrúi stjórnar í endurskoðunarnefnd. Ragnar lauk B.A. prófi í opinberri stjórnsýslu frá Háskólanum í Álaborg í Danmörku 1997 og meistaraþráðu í alþjóðaviðskiptum, með áherslu á „Private-Public-Partnership“, frá sama skóla árið 2000. Ragnar var stjórnarmaður, formaður endurskoðunarnefndar og síðar sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis ses. og útibússtjóri á Þórshöfn eftir sameiningu sparisjóða (2011-2015). Ragnar var framkvæmdastjóri rekstrar, hjá endurskoðunar- og ráðgjafafyrirtækinu PricewaterhouseCoopers ehf. (2005-2011). Einnig hefur hann sinnt lengri og skemmri viðskiptaþróunarverkefnum fyrir ýmis fyrirtæki. Ragnar er löggiltur fasteignasali og starfar á Heimili fasteignasölu auk þess sem hann stundar smábátaútgærd.

- Steinar Harðarson, fæddur 8. apríl 1944, til heimilis í Reykjavík. Hann var í stjórn frá 2011-2015, varamaður frá 2015-2019 og var nú aftur skipaður í stjórn árið 2019. Steinar lauk sveinsprófi í bifreiðasmíði frá lðnskólanum í Reykjavík 1964. Hann er véltækni-fræðingur frá Polhems Tekniska skola, Gautaborg 1977. Hann starfaði sem svæðisstjóri hjá Vinnueftirliti ríkisins á árunum 1999-2014 og var forstöðumaður framkvæmdasviðs Þórshafnarhrepps 1993-1999. Hefur tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum fyrir Vinnueftirlitið og setið í starfshópum á vegum þess. Steinar hefur setið í vinnuhópum um gerð reglugerða á vinnuverndarsviði Félagsmálaráðuneytisins. Steinar hefur viðurkenningu Vinnueftirlitsins sem þjónustuaðili í vinnuvernd og starfar nú sem sjálfstæður vinnuverndarráðgjafi hjá Vinnuvernd og forvörnum ehf. Síðustu ár hefur Steinar starfað sem athafnastjóri fyrir lífsskoðunarfélagið Siðmennt.

Varastjórn

Stjórnarháttayfirlýsing 2022 NTÍ

Varastjórn, frh.:

Sóley Ragnarsdóttir, fædd 22. júlí 1965 til heimilis í Reykjavík. Hún er varamaður Sigurðar Kára Kristjánssonar. Sóley er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og er að ljúka MSc í verkefnastjórnun hjá Háskóla Íslands. Hún er deildarstjóri á skrifstofu forstjóra hjá Lyfjastofnun. Áður starfaði Sóley í Fjármála- og efnahagsráðuneytinu þar sem hún sá meðal annars um málefni váttryggingamarkaðar og sá þá um alla laga- og reglugerðarsetningu á váttryggingamarkaði. Sóley hefur verið varamaður í úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum frá árinu 2015.

Margrét Arnheiður Jónsdóttir, fædd 11. september 1978, til heimilis í Hafnarfirði. Hún er varamaður Jónu Bjarkar Guðnadóttur. Margrét Arnheiður útskrifaðist sem Cand. Jur frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2007 og lauk prófi í verðbréfamíðlun árið 2013. Margrét hefur reynslu af váttryggingastarfsemi og regluvörslu skv. lögum um verðbréfavíðskipti en hún starfaði sem lögfræðingur á skrifstofu forstjóra VÍS og við regluvörslu fyrir félagið frá árinu 2011 til ársins 2018. Margrét starfaði auk þess við lögfræðistörf í stjórnarsýslunni frá útskrift og þar til hún hóf störf fyrir VÍS 2011.

Tómas Ellert Tómasson, fæddur 20. nóvember 1970, til heimilis á Selfossi. Hann er varamaður Steinars Harðarsonar. Tómas Ellert útskrifaðist sem byggingatæknifræðingur frá Tækniskóla Íslands (HR) árið 2000 og byggingarverkfræðingur frá University of Washington, Seattle árið 2002. Tómas Ellert hefur sinnt verkefnastjórnunar-, ráðgjafa- og hönnunarstörfum um árabíl og starfar nú fyrir SG-hús ehf. og Eðalbyggingar ehf. á Selfossi.

Silja Dögg Gunnarsdóttir, fædd 16. desember 1973 til heimilis í Reykjanesbæ. Hún er varamaður Ragnars Þorgeirssonar. Silja er með MIB í alþjóðavíðskiptum frá Háskólanum á Bifröst, auk þess sem hún er með BA í sagnfræði frá HÍ. Silja var alþingismaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi frá 2013-2021. Á árunum 2008-2013 starfaði hún sem skjalastjóri og aðstoðarmaður framkvæmdastjórna hjá HS Orku. Silja Dögg starfar nú sem víðskiptastjóri hjá Algalíf.

Sigríður Gísladóttir, fædd 24. ágúst 1981 til heimilis á Ísafirði. Hún er varamaður Línu Bjargar Tryggvadóttur. Sigríður er dýralæknir (Cand.med.vet) frá Norges Veterinærhøgskole. Frá árinu 2012 til 2021 starfaði Sigríður sem sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun en er nú dýralæknir á sviði fisksjúkdóma hjá Bláum akri ehf.

Starfsfólk

Forstjóri NTÍ frá árinu 2010 er Hulda Ragnheiður Árnadóttir, fædd árið 1971. Hún ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar. Hulda Ragnheiður lauk meistaragráðu í bankastjórnun, fjármálum og alþjóðavíðskiptum árið 2008. Hún lauk B.Sc. í víðskiptafræði árið 2004 og Diploma í opinberri stjórnarsýslu og stjórnun árið 2001. Hulda hefur einnig Diploma í góðum stjórnarháttum frá Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands. Hulda starfaði áður við innri endurskoðun í Kaupþingi/Arion banka, tímabundið í afleysingum sem bæjarstjóri Blönduóssbæjar og þar áður framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnarsýslusviðs Húsavíkurbæjar (nú Norðurþings). Áður hafði Hulda starfað bæði sem bóndi og kjólameistari, en hún útskrifaðist með sveinspróf í kjólasaum frá lðnskólanum í Reykjavík árið 1991.

Fastir starfsmenn eru sex auk forstjóra; Jón Örvar Bjarnason, sviðsstjóri váttryggingasviðs, Jóhann Árni Helgason, sviðsstjóri þjónustusviðs, Jónína Pálsdóttir, bókari og þjónustufulltrúi, Jóhanna María Kristinsdóttir gæða- og þjónustufulltrúi, Vignir Jónsson sérfræðingur á váttryggingasviði og Hreinn Rósmann Guðmundsson, tjónafulltrúi. Jónína er í 90% starfi, Jóhanna í 60% starfi en aðrir í 100% starfi.

Stjórnarháttayfirlýsing 2022 NTÍ

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Í 108. gr. er kveðið á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd NTÍ er skipuð þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórn NTÍ. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits. Hún skal tryggja gæði ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga stofnunarinnar og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd skipa, Sigurður Þórðarson, formaður. Auk hans eiga sæti í nefndinni Steinunn Guðjónsdóttir og Ragnar Þorgeirsson sem er einnig stjórnarmaður. Ekki eru skipaðir varamenn í endurskoðunarnefnd og því eru fundir almennt ekki haldnir nema allir nefndarmenn geti mætt til fundarins. Endurskoðunarnefnd fundar að jafnaði mánaðarlega, fyrir utan tvo mánuði yfir sumartímam. Nefndin fundaði 9 sinnum á árinu 2022.

Sigurður Þórðarson, fæddur 9. desember 1941, til heimilis í Hafnarfirði, fyrrverandi ríkisendurskoðandi. Hann hefur verið formaður endurskoðunarnefndar NTÍ frá árinu 2011. Hann var skipaður ríkisendurskoðandi 1992 og gegndi því starfi til 2008. Sigurður varð löggildur endurskoðandi árið 1982. Hóf störf í Ríkisendurskoðun 1973 til ársins 1982 er hann hóf störf í fjármálaráðuneytinu þar sem hann starfaði þar til hann var skipaður vararíkisendurskoðandi árið 1987. Hann hefur setið í fjölmörgum stjórnnum og nefndum á vegum hins opinbera og Hafnarfjarðarbæjar. Frá því að hann lét af störfum sem ríkisendurskoðandi hefur hann verið formaður nokkurra endurskoðunarnefnda hjá stofnunum hins opinbera, lífeyrissjóða og fyrirtækja. Sigurður var skipaður í endurskoðunarnefnd Norræna Fjárfestingarbankans (NIB) 2014 til 4ja ára þar af sem formaður síðustu tvö árin. Þá hefur hann setið í Endurskoðunarráði Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins í París í 3 ár og Evrópuráðsins í Strasbourg í 6 ár. Sigurður var kjörinn endurskoðandi EUROSAI 2002 (Samtaka ríkisendurskoðenda í Evrópu) til fjögurra ára og einnig sat hann í varastjórn og um tíma í stjórn NIB í Helsinki á árabílinu 2009 til 2013.

Steinunn Guðjónsdóttir, fædd árið 1963, til heimilis í Reykjavík hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 1999. Samhliða starfi sínu hjá Sjóvá var hún fyrstu árin einnig með eigin rekstur sem tryggingastærðfræðingur nokkurra lífeyrissjóða. Síðustu ár hefur hún verið í fullu starfi hjá Sjóvá og gegnir þar hlutverki forstöðumanns trygginga- og tölfræðigreiningar. Steinunn gegndi áður starfi forstöðumanns áhættustýringar Sjóvár og stýrði innleiðingu Solvency II hjá Sjóvá. Steinunn lauk prófi í stærðfræði frá Háskólanum í Groningen í Hollandi árið 1988 og vann fram til ársins 1995 sem stærðfræðikennari við Menntaskólann við Sund, samhliða uppgjörs- og úrskurðarverkefnum fyrir lífeyrissjóði. Hún lauk prófi í tryggingastærðfræði frá Háskólanum í Amsterdam árið 1999.

Yfirlit um starfsreynslu og bakgrunn Ragnars Þorgeirssonar er að finna undir umfjöllun um stjórn NTÍ en hann tók sæti í endurskoðunarnefnd NTÍ árið 2015.

Stjórnarháttayfirlýsing 2022 NTÍ

Frávik frá leiðbeiningum

Leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins taka mið af lögum um hlutafélög og því eiga þau ekki við um starfsemi NTÍ. Engu að síður eru þær hafðar til hliðsjónar við gerð stjórnarháttayfirlýsingarinnar. Í leiðbeiningunum er mælst til þess að tiltaka öll frávik frá leiðbeiningunum og eru það gert í eftirfarandi upptalningu.

1. kafli.

- Í ljósi þess að NTÍ er ekki hlutafélag og að stjórn er ekki kosin á aðalfundi á þessi kafli ekki við um starfsemi NTÍ.

2. kafli.

- Ákvæði 2.2.1 er ekki fylgt í ljósi þess að skipun stjórnar fer skv. lögum nr. 55/1992 og stjórn hefur ekki ákvörðunarvald um samsetningu stjórnar.
- Ákvæði 2.3.3 – 2.3.5 og ákveðnir punktar í 2.3.6 eiga ekki við um NTÍ þar sem NTÍ er ekki hlutafélag.
- Stjórn leggur ekki árlega mat á stærð og samsetningu stjórnar skv. ákvæði 2.6.2 þar sem það er á valdi Alþingis, ráðuneytis og SFF að skipa stjórnarmenn.
- Kafli 2.7 um starfskjarastefnu á ekki við um NTÍ enda ber NTÍ ekki lagaleg skylda til að hafa slíka stefnu.
- Stjórn hefur ekki sett sér stefnu um sjálfbærni, fjölbreytileika og siðferði skv. kafla 2.9.
- Kafli 2.10 um samskipti við hluthafa á ekki við þar sem NTÍ er að fullu í eigu íslenska ríkisins.

3. og 4. kafli.

- Engin frávik.

5. kafli.

- Engar undirnefndir stjórnar eru starfandi hjá NTÍ fyrir utan endurskoðunarnefnd sem er lögbundin og starfar samkvæmt þeim ákvæðum sem um hana gilda.
- Engin starfskjaranefnd skv. ákvæði 5.4 starfar hjá NTÍ enda er NTÍ ekki hlutafélag.

6. kafli.

- Töluliður 7 í ákvæði 6.1.2 á ekki við um starfsemi NTÍ þar sem engin tilnefningarnefnd er starfandi í ljósi þess að NTÍ er ekki hlutafélag.
- Kafli 6.1.3 á ekki við um NTÍ þar sem NTÍ er ekki hluti af samstæðu.
- Töluliðir 2, 4, 5, 6, 7, og 8 ákvæðis 6.2.2 eiga ekki við um NTÍ þar sem NTÍ er ekki hlutafélag.

Niðurlag

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn og forstjóra NTÍ eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti stofnunarinnar til viðskiptavina, eftirlitsaðila, eiganda og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Náttúruhamfaratryggingar Íslands 28. febrúar 2023